

Alþingi
Erindi nr. P 126/2112
komudagur 27.4.2001

Þröstur Freyr Gylfason, kt. 220579-2129
Hraunbæ 6
ÍS-110 Reykjavík-10
Sími: 694-2558
Netfang: thfg@hi.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10 (Vallarstrætismegin)
ÍS-150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2001.

Heilir og sælir þingmenn.

Þröstur Freyr heiti ég og er stúdent við H.Í. Tilefni þessa bréfs er frumvarp til breytinga á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, o.fl. sem lagt var fram á Alþingi þann 12. mars síðast liðinn (553. mál., þskj. 859) og er nú til meðferðar í nefnd ykkar, Allsherjarnefnd.

Birting laga á Íslandi hefur verið regla allt frá 1. ágúst 1874, þegar útgáfa stjórnartíðinda hófst hér skv. konungsúrskurði frá 13. júlí sama ár: „udgives en Regjeringstidende for Island“¹. Frumvarp um málið kom fram ári síðar á Alþingi, var þá fellt – en að lokum samþykkt árið 1877². Byggðust þessar birtingarreglur, og gera enn, á hinni fornu meginreglu: „Lex non obligat nisi promulgata“, eða „Lög skuldbinda ekki nema birt séu“³.

Það er ástæða fyrir því að ég renni stuttlega yfir upphafi þessa máls hér á landi, því þetta er ein af grundvallarreglum nútímans og er mikilvæg meginregla á sviði stjórnskipunarréttar allra lýðræðis- og réttarríkja.

Vegna þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu þurfum við að innleiða nokkurt magn af EES-gerðum til að þær öðlist réttaráhrif á Íslandi. Hefur meðal annars verið beitt svokallaðri tilvísunar- aðferð við það, þannig að í stað þess að gerðirnar birtist sem viðaukar eða fylgiskjöl við reglugerðir í A- eða B-deild Stjórnartíðinda hefur í mörgum tilvikum verið látið nægja að vísa til þeirra í viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, sem er gefinn út í Brussel ! Birtist þetta einnig á netinu, eins og síðar verður komið að.

Flestir eru sammála um það, að þetta réttarástand sé alls ófullnægjandi og uppfylli ekki kröfur birtingarlaganna frá 1943 nr. 64, m.a. Umboðsmaður Alþingis⁴ og nefnd⁵ sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla um lögleiðingu fyrrnefndra gerða. Þá er náttúrulega ótalinn dómur⁶ Hérðasdóms Norðurlands vestra, sem er aðalástæðan fyrir því að þetta frumvarp er komið inn á þing. Í umræddum dómi, sem ég læt fylgja með þessu bréfi mínu til skýringar, var maður einn talinn hafa gerst brotlegur⁷ við eina af reglugerðum Evrópusambandsins, sem innleidd var í íslenskan rétt en ekki birt í Stjórnartíðindum. Var látið nægja að vísa til hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, útgefnum í Brussel.

Í dóminum er farið nákvæmlega yfir stöðu þessara mála, meðal annars svo að orði: „Það er því álit dómsins að reglur þær, sem ákærði er talinn hafa gerst brotlegur við, hafi ekki verið birtar með fullnægjandi hætti svo bindandi sé fyrir borgara þessa lands. Hér ber einnig að horfa til þess að reglugerð þessi er íþyngjandi og að brot á ákvæðum hennar varða refsingu. Verður ákærði því sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.“

Þegar þetta allt lá fyrir, var um tvennt að velja: Annað hvort hefja birtingu þeirra gerða Evrópusambandsins sem innleiddar hafa verið með tilvísunaraðferð hingað til, þannig að þær séu gefnar út á Íslandi í A- eða B-deild hinna íslensku Stjórnartíðinda; EÐA breyta birtingarlögunum þannig að birting íslenskra stjórnvaldsfyrirmæla úti í Brussel standist lög. Síðartalda leiðin hefur nú verið valin og þykir mér það miður.

Málatilbúnaðurinn nú gengur allur út á það, að þessar reglugerðir Evrópusambandsins sem vísað er til, birtist einnig á netinu – og því sé allt í lagi að gefa „pappírinn“ út í Brussel. Þorri þjóðarinnar hafi því greiðan aðgang að þessu öllu saman þrátt fyrir allt. Þótt nú sé árið 2001 og ég vildi gjarnan vera sammála fylgismönnum frumvarpsins, er það ekki svo. Ekki ætla ég að deila um niðurstöður kannana sem koma fram í frumvarpinu um aðgang landsmanna að nettengdum tölvum, að um 80% á aldrinum 16-75 ára hafi hann. Þetta segir alls ekki alla söguna !!! Hversu margir af þessum 80% nýta sér aðganginn, og að lokum hversu margir hafa næga kunnáttu til að finna og sækja sér umræddar gerðir á netinu ???

Aðalatriðið verður þó að teljast sú staðreynd að samkvæmt þessum nýlegu könnunum, sem mikið er látið af í umræddu frumvarpi, má læra að um 20 % landsmanna á aldrinum 16-75 ára hafi ekki aðgang að nettengdum tölvum. „Að baki áskilnaði stjórnarskrárinnar um birtingu laga felst ekki að sérhver skuli þekkja löginn, heldur það sjónarmið, að almenningur skuli eiga kost á að kynna sér löginn“, segir Umboðsmaður þess þings sem þið sitjið á, í áliti sínu um þessi mál⁸. Ég spyr: HVAÐA KOST Á ÞETTA FÓLK Á ÞVÍ AÐ KYNNA SÉR SETTAN RÉTT Í LANDINU ??? Ég minni ykkur á, að ef þetta verður að lögum, verður hægt að dæma og refsa [einnig] þessu fólki fyrir brot á umræddum gerðum sem gefnar hafa verið út í Brussel og birtar á netinu, sem þessi 20% landsmanna hafa ekki aðgang að.

Er þá ekki betra að fara hina leiðina út úr þessum birtingar-ógöngum og gefa þessar blessuðu gerðir út sem fylgiskjöl við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, og birta þetta allt saman í Stjórnartíðindunum hér á landi ? Við getum alveg beðið þess róleg að allir landsmenn hafi fullkominn aðgang að netinu, en það mun sjálfsagt gerast í fyllingu tímans. Það er ekki raunin nú, svo þetta frumvarp er nokkuð á undan raunveruleikanum eins og hann er í dag.

Það er annað mjög mikilvægt atriði sem ég verð að nefna í þessu bréfi. Hafið þið gefið því gaum, að með frumvarpinu er gerð fólkskuleg tilraun til afturvirkni ? [ég get ekki kallað það neitt annað]. Í athugasemdum um þriðju grein frumvarpsins segir: „Af samþykkt frumvarpsins leiðir að EES-reglur, sem birtar hafa verið í sérritinu EES- gerðir í C-deild Stjórnartíðinda og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og vísað hefur verið til í B-deild Stjórnartíðinda, teljast ótvírætt birtar með fullnægjandi hætti. Að öðru leyti þarfnast gildistökuákvæðið ekki skýringa.“ Þetta er skammarlegt, en af þessu leiðir að þær EES-gerðir sem ekki voru birtar réttilega, og bílstjórinn fyrir norðan var m.a. sýknaður vegna, öðlast skyndilega gildi !!!

Mér finnst það alls ekki leiða af samþykkt frumvarpsins að það verki aftur í tímann. Það er haft fyrir satt að eitt það allra ljótasta sem geti komið fyrir Alþingi og löggjafann sé að setja afturvirk lög; Þau megji aldrei vera það í þeim lögfræðilega skilningi, sem þar liggur til grundvallar, að þau hafi íþyngjandi áhrif gagnvart réttindum eða stöðu sem menn áttu að hafa, þegar búið er að túlka réttinn eins og hann dæmist (eða túlkast réttastur) hafa verið á þeim tíma þegar háttsemi sú sem fór gegn lögum átti sér stað.

Einnig verður að hafa í huga að ummæli þessi um afturvirkni koma fram í greinargerð en leiðir alls ekki af orðalagi ákvæðisins eins og það verður skilið með eðlilegri orðskýringu. Skv. aðferðum þeim

sem fræðimenn hafa viðurkennt í lögskýringum⁹, gengur lagaákvæði, lesið samkvæmt orðanna hljóðan, framur ummælum í greinargerð. Ef lagaákvæðið og greinargerð með því stangast á, um þann skilning sem leggja ber í réttarregluna, verður sá skilningur sem útlistaður er í greinargerð að vika.

Tugir milljónir króna er sú upphæð sem nefnd er í frumvarpinu um líklegan kostnað við að birta umræddar gerðir í B-deild Stjórnartíðindanna íslensku. Ég leyfi mér að efast stórlega um þetta ! Hvernig fá „smiðir“ frumvarpsins þetta út ? Um er að ræða 5.605 blaðsíður, sem eru þegar til á Acrobat Reader (pdf.- formi, sem er núverandi birtingarháttur þeirra á netinu). Hvernig getur það kostað tugi milljóna að prenta þessar blaðsíður ??? Er þetta of hár fórnarkostnaður við að viðhalda réttareiningu og -öryggi á Íslandi ?


Að lokum langar mig bara að biðja ykkur, þingmenn Allsherjarnefndar Alþingis 2000-2001, að gera svoltið próf: Reynið sjálf, upp á ykkar eigin spýtur – óstudd, að hafa uppá EES-gerðinni Á NETINU, sem var aðalatriði héraðsdómsins umrædda. Reglugerðin er upptalin í frumvarpinu sem nr. 3821/85/EBE, en í héraðsdómnum einnig nr. L 370/8 frá 31. des. 1985, og er vissulega til staðar á netinu á íslensku.

Ef það er svona óskaplega auðvelt og mikið réttaröryggi fyrir hin 80% landsmanna sem hafa þó aðgang að nettengdum tölvum, árið 2001, að kynna sér þessar EES-gerðir – þá ætti þetta heldur ekki að vera neitt mál fyrir nefndarmenn. Þetta er svosem bara ein gerð af 479.

Ég trúi því ekki að Allsherjarnefnd muni mæla með samþykkt þessa frumvarps ! Ég mæli eindregið með því að nefndin leggi til í nefndarálitinu sínu að frumvarpið verði ekki samþykkt eða að nefndin taki þann kost að *afgreiða málið hreinlega ekki úr nefnd*, annað eins hefur nú gerst...

Að lokum langar mig að bjóða nefndinni og þeim, sem vilja spyrjast fyrir um þetta mál eða ræða nánar og almennt, að hafa samband við undirritaðan.

Með vinsemd og virðingu,


Þröstur Freyr Gylfason

¹ Hilmar Stephensen & Ólafur Halldórsson: Lovsamling for Island. Andr. Fred, Høst & Søn. Kaupmannahöfn 1889. Bls. 850.

² Alþingistíðindi 1875, bls. 458-482; Alþt. 1877.

³ Sigurðar Línal, lagaprófessor: *Meginreglur laga*, Prentgarður, Reykjavík, 1999.

⁴ Umboðsmaður Alþingis, mál nr. 2151/1997.

⁵ Skýrsla hennar, sem forsrh. lagði fram á Alþingi 1998-1999. Þskj. 148 – 148. mál.

⁶ Mál nr. S-60/2000, uppkveðinn dómur föstudaginn 22. september 2000. □ Sjá fylgiskjal með bréfinu.

⁷ Vörubílstjóra gefið að sök, að hafa ekki fyllt rétt í skráningarblið í ökurita bifreiðarinnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópusambandsins nr. 3821/85, en þar segir til um hver skuli rita á skífuna, hvað og hvenær.

⁸ Umboðsmaður Alþingis, mál nr. 2151/1997.

⁹ Davíð Þór Björgvinsson: Lögskýringar, Reykjavík 1996.

Ár 2000, föstudaginn 22. september, er dómþing Héraðsdóms Norðurlands vestra háð af Halldóri Halldórssyni, dómstjóra í réttarsalnum að Hnjúkabyggð 33. Blönduósi.

Fyrir er tekið:

Mál nr. S-60/2000.

Ákærvaldið

(Þórhallur Haukur Þorvaldsson, fulltrúi)

gegn

Rúnari Sörensen.

(Stefán Ólafsson, hdl.)

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 6. þessa mánaðar, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Blönduósi dagsettri 3. maí sl. á hendur Rúnari Sörensen, kt. 020547-3919, Rituhöfða 18, Reykjavík „fyrir umferðalagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 6. júlí 1999 ekið bifreiðinni ZU-788 um Skagastrandarveg, Austur Húnavatnssýslu, með því að vanrækja að færa inn upplýsingar á tvö skráningarblöð ökurita bifreiðarinnar, sem hér greinir:

- a. færa inn eftirnafn ökumanns
- b. rita viðeigandi dagsetningar
- c. fylla út hvar ferð hófst og hvar henni lauk
- d. færa inn skráningarnúmer bifreiðarinnar
- e. skrá kílómetrastöðu er ferð lauk
- f. skrá heildartölu ekinna kílómetra er ferð lauk

Telst brot þetta varða við a. b. c. og d 5. tölul. 15. gr., sbr. 13. gr. og 2. tl. 15. gr. reglugerðar EBE nr. 3821/85, frá 20. desember 1985, um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 658/1998, sbr. 6. mgr. 44. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar."

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að allur sakarkostnaður þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verði greiddur úr ríkissjóði.

Við aðalmeðferð málsins féll sækjandi frá d. lið ákærunnar.

II.

Málavextir.

Þriðjudaginn 6. júlí 1999 voru Sævar Þór Finnbogason, aðstoðarvarðstjóri og Pálmi D. Jónsson, vegaeftirlitsmaður við eftirlitsstörf á Skagastrandarvegi. Þeir stöðvuðu bifreið ákærða, sem er af Volvogerð, flokkuð sem vörubifreið II, og höfðu tal af honum. Við skoðun töldu þeir að skráningarblöð ökurita bifreiðarinnar hafi ekki verið fyllt út með þeim hætti sem mælt er fyrir í reglugerð EBE nr. 3820/85. Í framhaldi af því voru skráningarblöð ökuritans haldlögð til frekari rannsóknar.

Fyrir dóminum bar ákærði að hann hafi farið frá Eskifirði til Skagastrandar 5. júlí sl. og þaðan hafi ferðinni verið heitið á Gjögur. Ferð hans hafi því átt að taka tvo daga. Ákærði segir að hann hafi í upphafi ferðar sinnar á Eskifirði sett skífu í ökuritann og þá skrifað kílómetrastöðu hraðamælis bifreiðarinnar á skífuna. Hann hafi einnig skrifað númer bifreiðar sinnar sem er RÚNAR og dagsetningu. Síðan er hann lagði af stað frá Skagaströnd daginn eftir hafi hann skrifað kílómetrastöðuna á nýju skífuna og því væri auðvelt að finna út hversu langt hann hafi ekið, einnig hafi hann skrifað bílnúmerið og dagsetningu á þá skífu. Hins vegar hafi hann ekki verið kominn á leiðarenda og því ekki getað skrifað þar kílómetrastöðuna er ferð lauk. Ákærði kveðst ekki vita hvað hann hafi átt að rita í línu sem merkt er no. Þá bar hann að hann hefði átt eftir að ganga endanlega frá skífunum en það gerði hann venjulega þegar að lokinni hverri ferð. Hann ber að hann hafi oft verið stöðvaður til þess að kanna hjá honum notkun á skífunum og aldrei áður hafi verið gerð athugasemd við framkvæmd hans við ritun á þær. Hann kveðst ekki hafa notað þessar ökuritaskífur

mikið þar sem hann aki bifreið sinni mest innan 50 km frá heimili sínu og þá þurfi ekki að nota þær. Ákærði segist hafa boðist til að laga skífurnar þegar hann var stöðvaður síðast en því hafi verið hafnað. Þá kveðst hann halda að skífurnar ættu að sýna aksturslag manna og af skífum hans mætti sjá að aksturslag hans er í góðu lagi. Ákærði kveðst ekki hafa verið að reyna að leyna neinu enda sé hægt að lesa allt sem máli skipti úr skífunum þegar þær eru bornar saman.

Vitnið Sævar Þór Finnbogason, varðstjóri vann að málinu. Fyrir dóminum bar vitnið að hann myndi óljóst eftir þessu máli. Hann kveðst hafa verið við eftirlit þennan dag og stöðvað bifreið ákærða til að skoða hjá honum ökurita. Ökuritaskífan hafi verið skoðuð eins og almennt er gert. Í þessu tilfelli hafi skífu þeirri sem var í ökuritanum og skífu frá deginum áður verið áfátt og því hafi hald verið lagt á þær. Aðspurður um hvernig skuli fylla skífurnar út segir hann að í efstu línu skífunnar skuli rita nafn og eftirnafn ökumanns. Næst hvar ferð hefst og hvar hún endar. Þá dagsetningu og ár, þar fyrir neðan númer bifreiðarinnar og síðan kílómetrastöðu bifreiðar er ferð líkur og þar fyrir neðan hver staða kílómetramælis var í upphafi ferðar og neðst hversu langt var ekið.

III.

Niðurstaða.

Ökuritaskífur eins og þær sem ákærða er gefið að sök að hafa ekki fyllt út með réttum hætti eru einfaldar í meðförum. Reglugerð EBE nr. 3821/85 segir til um það hver skuli rita á skífuna hvað og hvenær. Varðandi það hvað skuli rita á skífurnar vísast til framburðar vitnisins Sævars Þórs. Er því ljóst að ákærði fyllti skífurnar ekki út í samræmi við þessar reglur.

Í ákæru er háttsemi ákærða talin varða við 1. gr. reglugerðar nr. 136/1995 um akstur- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins sbr. 1. gr. reglugerðar 658/1998 um breytingu á reglugerð 136/1995. Síðan er vísað til 6. mgr. 44. gr. umferðarlaga og einnig til refsheimildarákvæðis umferðarlaganna í 100. gr. þeirra. Ákvæði 6. mgr. 44. gr. umferðalaga er svohljóðandi. „Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvíldartíma ökumanna.“ Með nefndri reglugerð nr. 136/1995 setti dómsmálaráðherra reglur um akstur- og hvíldartíma en í 11. gr. reglugerðarinnar er hún sögð sett með heimild í 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðalaga nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, svo og með hliðsjón af 20., 21. og 23. tölulið XIII. viðauka EES samningsins.

Með 1. gr. laga nr. 2/1993 var veitt heimild fyrir því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið yrði fullgiltur fyrir Íslands hönd. Gildir þetta um meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt „gerðum“ sem í viðaukanum er getið. Í 2. gr. samningsins segir að hann skuli hafa lagagildi hér á landi svo og ákvæði bókunar 1 við samninginn, ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við samninginn. Samningurinn og nefndir viðaukar og bókanir var síðan birtur í heild sinni í A-deild Stjórnartíðinda. Með þessu varð meginmál samningsins og tilgreindar bókanir og viðaukar við hann að landslögum. Hins vegar birtist ekki mikill fjöldi bókana og viðauka sem vísað er til í samningnum sjálfum. Í 7. gr. EES-samningsins er að finna fyrirmæli um það hvernig þessar „gerðir“ skuli teknar upp í landsrétt. Í auglýsingu 31/1993 um samning um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum er í 2. mgr. tekið fram að samningurinn sé birtur sem fylgiskjal með auglýsingunni. Um „gerðir“ þær sem vísað er til í viðaukum segir að þær verði birtar í sérriti. Sérrið þetta var gefið út af utanríkisráðuneytinu í 50 heftum undir heitinu EES-gerðir. Með lögum nr. 91/1994 var gerð breyting á lögum nr. 2/1993 þannig að nú hljóðar 4. grein laga nr. 2/1993 svo: „Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.“ Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi að breytingunni segir að allar breytingar og viðbætur við EES-samninginn verði birtar á íslensku í sérstöku blaði sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA. Rétt þygi að láta slíka birtingu nægja og ekki þurfi að birta breytingarnar einnig í C-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar þurfi einnig að birta þær breytingar sem hafi lagagildi hér á landi í A-deild Stjórnartíðinda. Ekki leikur á því neinn vafi að ákvæði um birtingu skv. lögum nr. 91/1994 var ekki ætlað að koma í stað 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda heldur eingöngu í stað birtingar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. varðandi C-deild Stjórnartíðinda.

Íslensk stjórnskipan fylgir þeirri reglu, að þjóðarréttur verður ekki hluti landsréttar fyrr en hann hefur verið tekinn í íslensk lög með þeim hætti sem stjórnskipan landsins mælir fyrir um. Þannig verða samningar sem eru skuldbindandi fyrir íslenska ríkið að þjóðarrétti ekki skuldbindandi fyrir borgarana fyrr en þeir hafa verið teknir upp í íslenskan rétt.

Eins og áður hefur komið fram er háttsemi ákærða talin varða við 1. gr. reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum. Þessi reglugerð beytir svonefndri „tilvísunaraðferð“ við að taka ákveðnar „gerðir“ Evrópusambandsins upp í íslenskan

rétt. Með tilvísunaraðferð er átt við að reglugerð, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda, vísar til eingöngu nafns og númers ákveðinna „gerða“ Evrópusambandsins en texti „gerðanna“ ekki birtur í Stjórnartíðindum. Oft greinir reglugerðin jafnframt frá því hvar „gerðir“ þessar er að finna í Stjórnartíðindum EB og viðbótum við þau. Sú „gerð“ sem á við í máli þessu birtist á íslensku í Stjórnartíðindum EB 31. desember 1985 nr. L 370/8.

Samkvæmt 1. málslíð 27. gr. Stjórnarskrárinnar er það ófrávikjanleg regla að birta skuli lög og í 2. málslíð greinarinnar segir að um birtingarháttinn og framkvæmd laga fari að landslögum. Með þessu er almenna löggjafanum falið að mæla fyrir um með hvaða hætti lög og stjórnvaldserindi skuli birt. Í samræmi við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar voru áðurgreind lög nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda sett. Í 1. gr. laga nr. 64/1943 er kveðið á um að öll lög, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis skuli birta í A-deild Stjórnartíðinda. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er m.a. ákvæði þess efnis að í B-deild Stjórnartíðinda skuli birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra. Í 7. gr. laganna segir að fyrirmælum sem felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða slíkum ákvæðum almenns efnis megi eigi beita fyrr en birting hefur farið fram í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. laganna. Af þessu má ráða að óskilyt er að fara eftir lögum og stjórnvaldserindum sem ekki hafa verið réttilega birt.

Eins og að framan er rakið hefur reglugerð sú, sem ákærði er talinn hafa gerst brotlegur við ekki birst í samfelldum texta í B-deild Stjórnartíðinda eins og kveðið er á um í nefndri 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943. Það er því álit dómsins að reglur þær, sem ákærði er talinn hafa gerst brotlegur við, hafi ekki verið birtar með fullnægjandi hætti svo bindandi sé fyrir borgara þessa lands. Hér ber einnig að horfa til þess að reglugerð þessi er íþyngjandi og að brot á ákvæðum hennar varða refsingu. Verður ákærði því sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Ólafssonar, héraðsdómslögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 120.000 krónur og hefur þá verið tekið sérstakt tillit til þess hvernig mál þetta er vaxið.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson, fulltrúi lögreglustjórans á Blönduósi flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

Halldór Halldórsson, dómstjóri kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ.

Ákærði, Rúnar Sörensen, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Ólafssonar, héraðsdómslögmanns 120.000 krónur, greiðist úr rikissjóði.

Halldór Halldórsson.